

Telja 60 milljarða króna eðlilega upphæð bótafjár

Landeigendur við Jökulsá á Brú, Jökulsá í Fljótsdal og Kelduá á Fljótsdalshéraði gera kröfu á Landsvirkjun um 96 milljarða króna bætur vegna vatnsréttinda fyrir Kárahnjúkavirkjun á grundvelli áætlaðs arðs hennar. Landsvirkjun metur þessar bætur á 375 milljónir króna hið hæsta. **Steinunn Ásmundsdóttir** skoðaði þetta mál nánar.

Lögmenn landeigenda segja aðferðafræði við uppreikning á virði vatnsréttindanna geta verið margvíslega og það sé ekki síst verkefni matsnefndar um málið að skera úr um hver hún verði. Þá vanti nauðsynlega upplýsingar frá Landsvirkjun um raforkuverð, raunverulegan stofnkostnað virkjunarinnar og lánskjör fyrirtækisins til að meta megri virði á gagnsæjan hátt, en þær upplýsingar hafa ekki fengist til þessa. "Geysilega mikilvægt er í ljósi gildistöku raforkulaga að opinber umræða fari fram um mismunandi aðferðafræði sem beita má í máli sem þessu," sagði Hilmar Gunnlaugsson lögmaður landeigenda í samtali við Morgunblaðið. "Við gerum ýtrustu kröfu um 96 milljarða króna bætur landeigendum til handa. Þetta er sláandi tala og skapar ef til vill hneykslan en fyrir henni má færa gild rök. Nokkrir möguleikar eru um aðferðafræði við uppreikning virðis vatnsréttindanna og þá umræðu verður að taka opinberlega."

60 milljarðar eðlileg raunkrafa

Hilmar segir þá aðferðafræði, sem lögmenn kröfuhafa telji eðlilegast að nota, gefa ríflega 60 milljarða niðurstöðu, 96 milljarða krafan sé einfaldlega byggð á annarri aðferðafræði sem dæmi séu um. "Við erum þeirrar skoðunar að sú aðferðafræði sem gefur 60 milljarðana sé sú sem menn noti í frjálsum samningum og skynsamlegust. Aðferðafræði Landsvirkjunar í sinni greinargerð er að finna út núvirt sjóðstreymi, sem gengur út á að settar eru inn í jöfnu ákveðnar forsendur og ef útkoman er hærri en 0 er verkefnið fýsilegt og arðbært, því í 0 kr. er Landsvirkjun búin að fá sinn arð. Með því að breyta forsendum getum við fengið út yfir 210 milljarða króna bótakröfu. Við viljum meina að hvort sem útkoman er 1 milljarður eða 200, og stuðst við aðferðafræði Landsvirkjunar, sem fær þá fyrst allan sinn arð áður en menn komast á núllið, sé í raun eðlilegt að vatnsréttarhafar fái það sem verður umfram. Þessi aðferðafræði er hins vegar að okkar mati ekki eðlileg við mat á verðmæti vatnsréttinda og því byggjum við ekki á henni."

Hagnaði umfram arð skipt

Hilmar segir aðra mögulega aðferðina við uppreikning á virði vatnsréttarins byggða á núvirtum arði. "Þar gefum við okkur að afskrifa virkjunina á ákveðnum tíma, borgum upp lán og vexti og þar fram eftir götunum. Við notum síðan lægstu ávöxtunarkröfu Landsvirkjunar, eða 5%, til að núvirða tekjuflæðið og hagnaðinn. Þá myndi þeirra aðferðafræði gefa um 35 milljarða en þegar okkar forsendur eru komnar inn þá eru þetta um 230 milljarðar. Það er eftir þessari aðferðafræði, og dæmi eru um slíkt erlendis frá, sem við segjum að eðlilegt sé að skipta hagnaðinum jafnt. Ástæða þess að við erum með 96 milljarða er að einn af útreikningunum gaf 192 milljarða og við skiptum því til helminga."

Að sögn Hilmars væri æskilegasta aðferðin hugsanlega sú að sem leigu á hverju ári greiddi Landsvirkjun ákveðið hlutfall af heildartekjum virkjunarinnar. Fyrst

Landsvirkjun vilji eignast réttindin en ekki leigja þau þurfi að reikna þau til eingreiðsluverðmætis. Það sé eðlileg og gegnsæ aðferð sem notuð sé í frjálsum samningum og hafi orðið ofan á í sambærilegum málum í Noregi.

Að hluta byggt á ágiskunum

Í greinargerð landeigenda er að hluta til um ágiskanir á tölulegar stærðir að ræða, þar sem upplýsingar sem áhrif hafa á forsendur uppreikninga vantar frá Landsvirkjun. "Við vitum t.d. ekki hvert raforkuverðið er og vantar einnig upplýsingar um raunverulegan stofnkostnað virkjunarinnar," heldur Hilmar áfram. "Það er til áætlun sem hljóðar upp á 95 milljarða króna stofnkostnað og Landsvirkjun hefur tekið þann kostinn að reikna það upp m.v. verðlag í sinni greinargerð til matsnefndarinnar. Við teljum að hagstætt gengi hafi leitt til þess að kostnaðurinn sé mun lægri, m.a. vitandi það, sem birtist t.d. á vefnum karahnjukar.is, að það er tilboð eftir tilboð sem er undir kostnaðaráætlun og þ. á m. öll þau stærstu. Við viljum því fá upplýsingar um raunkostnað og verðum í millitíðinni að giska á ákveðna tölu, sem er yfir 20 milljörðum lægri en þeirra tala. Þetta eru upplýsingar sem á að vera hægt að leggja fram. Ég trúir ekki öðru en að þær verði veittar, vegna þess að í því skyni að tryggja okkar umbjóðendum fullt verð, eins og er stjórnarskrárvarinn réttur þeirra, verður allur vafi væntanlega túlkaður þeim í hag."

Þá segir Hilmar jafnframt vanta upplýsingar um lánskjör Landsvirkjunar, því ekki þurfi annað en að lesa ársreikning fyrirtækisins til að sjá að fyrirtækið virðist síðustu árin hafa náð að lækka fjármagnskostnað verulega og gera hagstæðari samninga um lánsfé. Gríðarlega mikilvæg forsenda í arðsemisútreikningum sé að vita hver fjármagnskostnaður sé.

Ábyrgðin er matsnefndarinnar

Matsnefndin tekur afstöðu til aðferðafræði þeirrar sem notuð verður í úrskurði um verðmæti vatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Hilmar á von á að tekist verði fast á um málið, en segir ekki víst að það endi fyrir dómstólum. "Auðnist matsnefndinni að rökstyðja sína niðurstöðu vel þá er ekki sjálfgefið að þetta fari lengra."

Endurgjaldið skiptist milli landeigenda en sú skipting mun ekki liggja ljós fyrir fyrir en síðar í sumar þegar búið er að mæla fall fyrir hverja jörð miðað við meðalrennsli viðkomandi vatnsfalls. Þannig liggja ekki öll gögn fyrir fyrir en í haust og tíminn þangað til mun verða notaður til að meta heppilega aðferðafræði og afla frekari gagna.

Málið fyrir matsnefnd

Samningur um framsal og yfirtöku vatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjunar og um málsmeðferð til að ákvarða endurgjald fyrir þau var gerður hinn 13. desember 2005. Samningsaðilar eru annars vegar Landsvirkjun og hins vegar þeir eigendur vatnsréttinda við Jökulsá á Dal (Jökulsá á Brú), Jökulsá í Fljótsdal og Kelduá sem gerðust aðilar að samningnum. Málið er rekið fyrir sérstakri fimm manna matsnefnd. Landsvirkjun lagði fram sína greinargerð hinn 7. apríl sl. og kröfugerðir vatnsréttarhafa voru lagðar fram 7. júní. Ráðgert er að málið verði flutt fyrir matsnefndinni í lok september nk. og er niðurstöðu hennar að vænta síðar á árinu.

Landsvirkjun segir kröfur landeigenda ekki geta staðist

Vatnsréttindi mest 375 milljóna virði

Landsvirkjun telur að hæfilegt endurgjald til landeigenda vegna vatnsréttinda tengdra Kárahnjúkavirkjun sé á bilinu 150 til 375 milljónir króna, eða 2-5% af arði virkjunarinnar, skv. greinargerð fyrirtækisins til matsnefndar.

"Auðvitað vilja landeigendur halda fram ýtrustu kröfum og ekki hefur annað staðið til en að Landsvirkjun greiði það sem talið er vera fullt verð fyrir vatnsréttindin" segir Þórður Bogason, lögmaður Landsvirkjunar í málinu. "Þeirra málflutningur byggist á markaðsverði, en hvert er markaðsverðmæti þessara eigna? Óraunhæft er að bera saman litlar virkjanir sem selja inn á almenna veitukerfið og þessa stærstu virkjun landsins sem byggð er til að sjá álverinu á Reyðarfirði fyrir raforku."

Horft til eldri fordæma

Þórður segir muninn á upphæðum koma verulega á óvart, m.a. í ljósi fyrri fordæma og þeirra sjónarmiða sem hingað til hafi gilt um þessi mál. "Greinargerð Landsvirkjunar er fyllilega í samræmi við þau sjónarmið. Óskað er eftir að matsnefnd meti hæfilegar bætur fyrir hin eignarnumdu réttindi og í greinargerð er umfjöllun um hvert slíkt endurgjald gæti verið. Sjónarmið málsaðila eru því gífurlega mismunandi og sérkennilegt að sjá lögmennt landeigenda hoga frá sínum tölum í tugmilljarðastökkum og vekur upp spurningar um hvaða trú menn hafa á því sem þeir setja fram."

Í kostnaðaráætlun vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar var gert ráð fyrir greiðslum til vatnsréttarhafa og horft til fordæma við mat á endurgjaldinu, einkum til Blönduvirkjunar. Miðað við verðlag í janúar 2006 námu greiðslur vegna vatnsréttinda Blönduvirkjunar 154,3 milljónum króna en uppsett afl virkjunarinnar er 150 MW. Séu þessar fjárhæðir yfirfærðar á Kárahnjúkavirkjun, sem hefur 690 MW uppsett afl, mundu greiðslur til vatnsréttarhafa nema um 710 milljónum króna. Í greinargerð Landsvirkjunar var þetta mat tekið til nánari skoðunar í ljósi almennra lagasjónarmiða, fyrri úrlausna varðandi greiðslur fyrir orkuréttindi hér á landi og sérsjónarmiða er gilda um Kárahnjúkavirkjun. Niðurstaða þeirrar skoðunar er sú að telja megi hæfilegt endurgjald vegna vatnsréttindanna 150 - 375 milljónir króna.

Áhættusöm framkvæmd

Í greinargerðinni kemur einnig fram að virkjunin sé erfið og áhættusöm jaðarframkvæmd í landfræðilegu-, tæknilegu-, umhverfislegu- og markaðslegu tilliti, sé í raun eyland í raforkukerfinu og rýri það meðal annarra þátta gildi vatnsréttinda við Kárahnjúka. Þá sé ekki unnt að útiloka að stofnkostnaður fari fram úr áætlunum vegna tæknilegra örðugleika á byggingartíma og rekstrarkostnaður Háslóns geti orðið umtalsverður ef beita þurfi ýtrustu mótvægisaðgerðum vegna skilyrða um umhverfisþætti.